



Laufey Sigurðardóttir, fiðluleikari
Háskólatónleikar í dag
Gítar og fiðla

Fjórðu Háskólatónleikarnir á vormisseri verða haldnir í Norræna Húsinu í dag kl. 12:30–13:00.
Á tónleikunum munu Páll Eyjólfsson gítarleikari og Laufey Sigurðardóttir fiðluleikari flytja verk eftir Vivaldi, Paganini, Ibert og Takacs.
Páll Eyjólfsson lærði gítarleik hjá Eypóri Þorlákssyni og á Spáni hjá Jose Luis Gonzales. Hann kennir nú gítarleik í Reykjavík. Laufey Sigurðardóttir er Reykvíkingur. Þetta eru fyrstu tónleikarnir sem þau halda saman.

Tónleikanefnd Háskólans



Konur, karlar, fuglar og fiskar
Harpa Björnsdótti sýnir í Gallerí Borg

Á morgun kl. 17:00 opnar Harpa Björnsdóttir sýningu í Gallerí Borg Pósthússtræti 9.
Harpa Björnsdóttir er fædd 1955 og lauk námi frá Nýlistadeild Myndlista- og handíðaskóla Íslands 1981. Hún málar og vinnur í grafík myndir af konum og körlum, fuglum og fiskum, sem stundum renna saman við mannskepuna.
Harpa hefur tekið þátt í fjölda samsýninga og einnig haldið einkasýningar bæði hérlandis og erlendis, síðast hér í Gallerí Borg í september 1966.
Sýning Hörpu nú er 5. einkasýning hennar. Á sýningunni eru að mestum hluta einþrykk og önnur verk, unnin með blandaðri tækni á pappír.
Síðastliðið sumar dvaldist Harpa í Kjarvalsstofu í París, listamannaþúð í eigu Reykjavíkurborgar og íslenska ríkisins. Hluti myndanna er frá þeirri dvöl.
Sýningin er opin virka daga frá kl. 10:00–18:00 og ein helgar frá kl. 14:00–18:00. Henni lýkur 16. febrúar.


Myndlist

Hvað er sjálfsmynd?

Sjálfsmyndir hafa verið meðal algengari viðfangsefnum myndlistarmanna allt frá lokum miðalda. En er yfirleitt hægt að lýsa sjálfum sér, hvort sem er í orðum eða í myndum? Og ef ekki, hvað er þá sjálfsmynd? Þessa dagana er opin á Kjarvalsstöðum sýning þar sem fólki með tilhneigingu til að spyrja sjálf sig heimspekilegra spurninga af þessu tagi gefst færi á að njóta sín, ásamt öllum hinum sem bara vilja láta sér nægja að skoða sýnishorn af þeim sjálfsmyndum sem Íslenskir myndlistarmenn hafa málað, allt frá nítjándu öld fram á okkar dag. Flestir listamenn í listasögu Íslands hafa einhvern tímann málað eða dregið eigið andlit á blað, og hér er um að ræða úrdrátt úr þeim hluta Íslenskrar listasögu. Sýningin er hvorki hugsuð sem fræðileg úttekt eða sögulegt yfirlit, heldur hefur við val myndanna verið lögð áhersla á að velja margbreytilegar og góðar myndir, fólki til skemmtunar og yndisauka.

Saga sjálfsmyndanna hefst fyrir alvöru í lok miðalda, og er útbreiðsla spegla talin vera ein af mikilvægustu forsendum þeirrar þróunar. Í byrjun 20. aldar, fékk sjálfsmyndin endurnýjað gildi með útbreiðslu kenninga Freuds um undirmeðvitundina og hinn falda innri mann. Þar með var tilgangur listamannanna ekki lengur eingöngu að gera mynd sem líkasta sjálfum sér, heldur að túlka og myndgera þær kenndir sem bærðust innra með þeim. Menn máluðu nú ekki lengur það sem þeir sáu eða virtust sjá, heldur máluðu þeir á dýptina og buðu áhorfendum þar með upp á raunverulegan myndlestur. Þegar abstraktmálverkið og formalisminn varð ríkjandi um miðbik aldarinnar, minnkaði áhuginn á sjálfsmyndinni nokkuð, en með endurkomu manneskjunnar inn í málverkið á síðastliðnum tveimur áratugum er aftur farið að bera á sjálfsmyndum listamanna og þá sérstaklega í conceptlistinni, og performance þar sem listamaðurinn er oft í senn formræn stöð og megin mynd-eini.

En hvort sem listamaðurinn hugsar sjálfsmynd sína sem túlk-




Guðrún Arndis Tryggvadóttir 1987 Mynd - E.Ól.


un á sínu innra eða ytra sjálfi, þá hlýtur hún að vera hans hugarmið sem hann ferir yfir á tviða flötinn. Og ef til vill sleppur raunveruleikinn alltaf úr greipum þess sem malar, það er að segja ef það er yfirleitt mögulegt að benda á einhverja ákveðna

skoðun eða umsögn um manneskju sem raunverulega lýsingu á viðkomandi – eða segja að ein ákveðin mynd af henni sé sannari en önnur. Eða er yfirleitt til nokkuð sem heitir sannleikur í listum? Það má kannski segja að sú mynd sem listamaðurinn dreg-

Sýning sjálfs-mynda Íslenskra listamanna á Kjarvalsstöðum




Jón Stefánsson 1962 Mynd - E.Ól.



Kjarval 1920. Mynd - E.Ól.

Byggt á texta Gunnars B. Kvaran / LG



Arni Ingólfsson 1980 Mynd - E.Ól.



Louisa Matthíasdóttir fyrir framan sjálfsmýnd sína. Mynd - Sig.

Mokka

James Francis Kwiecinski opnar sýningu

Á morgun opnar James Francis Kwiecinski málverkasýningu á Mokka. Kwiecinski er Bandaríkjamaður, og lærði við Ball State University í Indiana. Hann er nú búsettur í



Ein af myndunum á Mokka er „Skiðaðóhapp“ máluð 1985.

Reykjavík. Hann hefur haldið sýningar bæði í Bandaríkjunum og Evrópu, og verk eftir hann eru nú á sýningum bæði í New York og Milanó.

Verkin sem Kwiecinski sýnir á

Mokka eru meðal annars unnin í olíu, guass, vatnsliti og steinprent. Sýningin stendur í þrjár vikur.

LG



James Francis Kwiecinski. Mynd - Sig.

Sinfónían Jón Leifs, Brahms og Rachmaninoff

Tónleikar helgaðir byggingu tónlistarhúss


Annað kvöld klukkan 20:30 verða fyrstu tónleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands á síðara misseri. Á efniðsskránni eru þrjú verk, Landsýn eftir Jón Leifs (var síðast flutt 1962), Rapsódía eftir Rachmaninoff um stef eftir Paganini, og að lokum Sinfónía nr. 1 eftir Brahms.

Stjórnandi Sinfóníunnar að þessu sinni er Bandarkjamaðurinn George Cleve. Hann á að baki litríkan feril, hefur um áratuga skeið stjórnað öllum helstu sinfóníuhljómsveitum heims. Hann er snillingur í tónlist Mozarts og hefur í mörg ár stjórnað

flestum Mozart hátíðum í New York og San Fransisco. Hann stjórnaði hér á tónleikum veturinn 1971 - 1972.

Einleikari á tónleikunum er Bandaríski pianóleikarinn Randall Hodgkinson. Hann vakti fyrst alþjóðaathygli 1981, þegar hann vann fyrstu verðlaun í tónlistarkeppni fyrir pianista, sem Rockefeller stofnunin og Carnegie Hall gengust fyrir. Síðan hefur hann hlotið margháttaðar viðurkenningar og leikið einleik austan hafs og vestan.

Það er amma Hodgkinsons, Leedice Kissane sem hefur gengist fyrir komu hans til Íslands. Hún var sendikennari



George Cleve stjórnar Sinfóníunni á tónleikunum annað kvöld.



Einleikari á tónleikunum verður Randall Hodgkinson pianóleikari.

Fullbright stofnunarinnar við Háskóla Íslands um tveggja vetra skeið, tók miklu ástföstri við landið, og sýndi Íslensku tónlistarlífi mikinn áhuga. Með því að bjóða fram dótturson sinn til tónleikahalds hér á landi vill hún leggja sitt að mörkum til byggingar tónlistarhússins.

Auk þess að leika með Sinfóníuhljómsveitinni á tónleikunum annað kvöld, mun Hodgkinson leika á einleikstónleikum í Listasafni Íslands á föstudagskvöldið kl. 20:30, og verða það fyrstu tónleikarnir sem haldnir verða í húsakynnum Listasafnsins.

LG